

Ed.

939. Nefndarálit

[313. mál]

um frv. til laga um steinullarverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum á skömmum tíma. Eftirtaldir aðilar hafa mætt á fundum nefndarinnar og veitt upplýsingar: Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Steinullarnefndar, Hörður Jónsson, frá Iðntæknistofnun, Jón Steingrímsson, tilnefndur af Iðntæknistofnun, Bárður Daníelsson, frá Samtökum arkitekta, Hákon Ólafsson, frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Gunnar Björnsson, frá Félagi byggingarmeistara, Jón Magnússon, fyrrverandi starfsmaður steinullarframleiðslu í Danmörku og fyrrv. forstjóri steinullarverksmiðju í Hafnarfirði, Garðar Ingvarsson, frá Seðlabanka, Guðmundur Halldórsson, frá Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen, Árni Reynisson, frá Náttúruverndarráði, Ólafur Davíðsson og Hallgrímur Snorrason, frá Þjóðhagsstofnun, Eyjólfur Sæmundsson, frá Vinnueftirliti ríkisins, og Hrafn Friðriksson, frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Umsagnir hinna þriggja síðastnefndu stofnana bástust nefndinni og eru þær birtar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Nefndin leggur ekki dóm á stærð eða staðarval steinullarverksmiðju, en leggur áherslu á að eignaraðild ríkisins er skilyrt hlutafjárframlögum annarra að sextíu hundraðshlutum og einnig því, að hlutafé nemi að minnsta kosti 30% af stofnkostnaði. Nefndin flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum við frumvarpið sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Stefán Jónsson.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Egill Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.

Til skamms tíma hefur verið talið að steinullarþræðir hefðu ekki í för með sér sams konar hættur og asbestþræðir, en þeir síðarnefndu geta valdið vefjabreytingum og krabbameini í lungum auk búkhimnukrabbameins (mesothelioma). Yfirstandandi rannsóknir benda hins vegar til þess að steinullarþræðir geti valdið búkhimnukrabbameini á svipaðan hátt og asbestþræðir, en ekki hefur verið líkum að því leitt að þeir valdi lungnasjúkdómum. Í þessu sambandi skal hins vegar bent á að það eru einungis þræðir með mjög litlu þvermáli sem hafa í för með sér umrædda hættu, en líklegt er að við framleiðslu og notkun steinullar sé mengun af völdum slíkra þráða minni en átt getur sér stað við meðhöndlun asbests.

Þessi mál hafa m. a. verið til umfjöllunar í norrænu sérfræðinganeftdinni um setningu hættumarka fyrir hættuleg efni á vinnustöðum, og eru ofangreindar upplýsingar m. a. byggðar á niðurstöðum umræðna á þeim vettvangi, sbr. fylgiskjal I með umsögn þessari.

Ekki hefur verið gripið til neinnar takmörkunar á framleiðslu eða notkun steinullar í nágrannalöndunum, en setning hættumarka fyrir slík efni hefur verið til umfjöllunar að undanfögnu. Vinnueftirlit ríkisins mun fylgjast náið með framvindu þessara mála og gera kröfur um að við byggingu steinullarverksmiðju verði gerðar fullnægjandi ráðstafanir til verndar heilsu starfsmanna.

Fylgiskjal III.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

12. maí 1981.

Stofnunin hefur hins vegar ekki fjallað áður um steinullarverksmiðju og hefur því ekki haft aðstæður til þess að kynna sér það mál á sama hátt og hin málin tvö. Stofnunin treystir sér því ekki til þess að gera því máli nein skil að svo stöddu. Þó virðist af skýrslu steinullarnefndar iðnaðarráðuneytisins mega ráða, að útflutningsmöguleikar skipti meginmáli um það, hvort steinullarverksmiðja geti orðið hagkvæmt fyrirtæki eða ekki. Hér gæti því orðið um alláhættusamt fyrirtæki að ræða og því full ástæða til að fara hægt í sakirnar og kanna málið betur.

Fylgiskjal I.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

11. maí 1981.

Steinullarverksmiðja.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur ekki fjallað sérstaklega um steinullarverksmiðjuna. Hins vegar gerði stofnunin á s.l. ári frumathugun á hugsanlegri heilbrigðishættu vegna steinullar- og glerullarrykmengunar í andrúmslofti, og móttók 5. þessa mánaðar skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands: Steinullaráætlun, framkvæmisathugun, lokaskýrsla, TSI-T-1980-04-18, verkefni 0433, eftir Friðrik Danielsson. Í skýrslunni er á bls. 32—33 gerð grein fyrir helstu mengunarvöldum með hliðsjón af ytra umhverfi en þeir eru fjórþættir:

- A) Reykur og ryk frá bræðsluofni.
- B) Reykur sem inniheldur fenól-fomaldehyd, frá hersluofni.
- C) Ryk frá sögun og skurði.
- D) Mengað vatn frá ýmissi starfsemi verksmiðjunnar.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi mengunarvörnum:

- A) Ryk frá bræðsluofni er hreinsað í pokasiur.
- B) Útblástur frá hersluofni er brenndur í sérstökum rykbrennslutækjum.
- C) Ryk frá framleiðslukerfinu er sogað burtu við upphafsstað og síað frá.
- D) Magn af menguðu vatni er litið.

Gler- og steinullareinangrunarefni (man made mineral fibers) hafa verið framleidd og notuð í stórum stíl undanfarin 50 ár víða um heim án þess að nokkuð bendi til þess, að gler- eða steinullarryk valdi alvarlegum lungnasjúkdómum, aukinni dánartíðni eða aukinni krabbameinshættu í mönnum.

Hins vegar hefur krabbamein (mesotheliom) verið framkallað í músum þegar sérstaklega finum glerullarþráðum var sprautað beint í brjósthól (pleural space) þeirra. Innöndun á þessum þráðum hefur í dýratilraunum hins vegar ekki framkallað krabbamein.

Fræðilega er því talið að sérstaklega fint glersteinullarryk (þræðir minni en 0.2 míkrometrar í þvermál og lengri en 5 míkrometrar) gæti valdið krabbameini í mönnum. Við þær framleiðsluaðferðir, sem tíðkast hafa fram að þessu, virðist þessi hættu ekki vera til staðar. Hins vegar er á það bent, að breytist þær á þann veg að farið verði að framleiða sérstaklega fingerða þræði, þá sé rétt að vera á verði og beita viðeigandi varnaraðgerðum til að hindra innöndun þeirra.

Að mati undirritaðs er við hefðbundnar framleiðsluaðferðir á stein- og glerull ekki hægt að jafna saman heilbrigðishættu sem stafar af innöndun asbestryks (þráða) og gler- eða steinullarryks (þráða).

Fylgiskjal II.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Til Iðnaðarnefnda Alþingis

13. maí 1981.

Steinullarverksmiðja.

Við steinullarvinnslu eru notuð bindiefni sem hættuleg geta verið heilsu manna (fenól, formaldehyð). Ekki er þó kunnugt um annað en að haga megi starfseminni þannig að starfsmenn séu verndaðir gegn hættum af völdum þessara efna.